



REYKJANESBÆR



Samkomulag

veitinga- og skemmtistaða við lögregluna á Suðurnesjum og Reykjanesbæ

Markmið með samkomulagi þessu er m.a. að draga úr og helst útiloka að ungmenni undir aldri stundi skemmtistaði í Reykjanesbæ, fækka ofbeldis- og fíkniefnabrotum og bæta umhverfi og umgengni í kringum skemmtistaði í sveitarfélaginu.

Í málsmeðferðarreglum Reykjanesbæjar sem voru gefnar út 20.03. 2012 um veitinga- og gististaði sem byggir á 2. mgr. 25. gr. lögreglusamþykkt Reykjanesbæjar nr. 830 frá 2012 segir í 6. gr. „, *má heimila veitingatíma frá kl. 11.00 til kl. 01.00 alla daga, þó til kl. 03.00 aðfararnætur laugardaga, sunnudaga og almenna frídaga. Þessi regla gildir nema um sé að ræða sérstakt samkomulag milli veitingastaða, Reykjanesbæjar og Lögreglunnar á Suðurnesjum um sveigjanlegri opnunartíma.*“ Allir gestir skulu hafa yfirgefið veitingastaðinn eigi síðar en einni klukkustund eftir lokun hans.

Aðilar samkomulagsins er hér er getið að neðan eru sammála um að:

- ✓ Veitingamaður skal tryggja að aldur gesta skemmtistaðarins sé í samræmi við 5. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 og að ungmenni undir 20 ára aldri fái ekki selt, veitt eða afhent áfengi sbr. 18. gr. áfengislaga nr. 75/1998.
- ✓ Veitingamaður, lögregla og Reykjanesbær eru sammála um að opnunartími veitingastaðarins aðfararnætur laugardaga, sunnudaga og almenna frídaga verði í síðasta lagi til kl. 04:00 að nóttu, þannig að ekki verði hleypt inn á staðinn eftir kl. 04:00 og að allir gestir hafi yfirgefið veitingastaðinn kl. 04:30. Þá skal **áfengissölu lokið kl. 04:00.**
 - ✓ Á virkum dögum **skal áfengissölu lokið kl. 01:00** og ekki hleypt inn á staðinn eftir þann tíma og skulu gestir hafa yfirgefið staðinn eigi síðar en 02.00.
- ✓ Veitingamaður samþykkir að valdi einstaklingur ítrekuðu ónæði eða gerist brotlegur á einhverjum skemmtistað í Reykjanesbæ sem gert hefur samhljóða samkomulag og þar sem hér um ræðir, sem kallar á afskipti lögreglu og er í framhaldinu hafnað inngöngu af þeim sökum, skal viðkomandi jafnframt meinaður aðgangur að öðrum stöðum. Veitingamaður tilkynnir til forvarnarfulltrúa Reykjanesbæjar þá aðila sem um ræðir.
- ✓ Veitingamaður samþykkir að nota eingöngu dyraverði sem eru samþykktir af lögreglu.
- ✓ Veitingamenn eru hvattir til að hafa a.m.k. einn kvenkyns dyravörð að störfum.
- ✓ Reykjanesbær heldur áfram að halda við myndavélakerfi við Hafnargötu líkt og hann hefur gert undanfarin sex ár.

- ✓ Einungis skal taka gild skilríki þ.e. ökuskríteini eða vegabréf og falsanir, misnotkun á skilríkjum skulu tilkynnt til lögreglu.
- ✓ Leyfishafi skal kynna starfsfólki sínu innihald samkomulagsins.

Frágangur utan við veitingastaðinn, á meðan opið er og eftir lokun er á ábyrgð veitingamanns. Eftir lokun skal veitingamaður hreinsa framan við og í kringum veitingastaðinn glerbrot, lausarusl og annað sem fallið hefur til á meðan á skemmtun stóð. Haldi undirritaður veitingamaður samkomulag þetta munu Reykjanesbær og lögregla heimila að opnunartími viðkomandi veitingastaðar verði lengri en almennt er, þ.e. til 04.00 og að allir gestir hafi yfirgefið veitingastaðinn kl. 04:30 aðfararnætur laugardags og sunnudags, sbr. framangreint. Allar lögregluskýrslur um ætluð brot á samkomulagi þessu verða send sýslumanni til frekari meðferðar sbr. 18. gr. laga nr. 85/2007. Brjótí veitingamaður gegn samkomulagi þessu geta lögregla og/eða Reykjanesbær felld samkomulag þetta úr gildi. Fer með slíka afturköllun á samkomulagi að hætti stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Verði veitingamaður staðinn að broti á meðan framangreint ferli um afturköllun samkomulagsins er í gangi geta lögregla og/eða Reykjanesbær felld samkomulagið úr gildi án fyrirvara.

Bæjarráð Reykjanesbær ákvað á fundi sínum þann 2. október 2015 að stefnt skuli að styttingu á opnunartíma veitingastaða í Reykjanesbæ. Opnunartíminn verður sem hér segir;

01.12 2015 – 30.11 2016 opið til 04.30 (þannig að ekki verði hleypt inn á staðinn eftir kl. 04:00 og að allir gestir hafi yfirgefið veitingastaðinn kl. 04:30. Þá skal **áfengissölu lokið kl. 04:00.**)

01.12 2016 – 30.11 2017 opið til 04.00 (þannig að ekki verði hleypt inn á staðinn eftir kl. 03:30 og að allir gestir hafi yfirgefið veitingastaðinn kl. 04:00. Þá skal **áfengissölu lokið kl. 03:30.**)

01.12 2017 – 30.11 2018 opið til 04.00 (þannig að ekki verði hleypt inn á staðinn eftir kl. 03:00 og að allir gestir hafi yfirgefið veitingastaðinn kl. 04.00. Þá skal **áfengissölu lokið kl. 03.00.**)

Samkomulagið tekur gildi við undirritun og gildir til 30.11 2016.

f.h. veitingarstaðar

f.h Reykjanesbæjar

f.h. Lögreglunnar á Suðurnesjum

Eftirlit með samningi þessum f.h. Reykjanesbæjar og lögreglu eru:

Íprótta- og tómskundafulltrúi Reykjanesbæjar og varðstjóri forvarna lögreglu.